



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 21. júlí 2016 kl. 16:00.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson (fjarverandi, fundarefni kynnt í síma)

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

1. Geldingafell. Deiliskipulag.

Svæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs, sem jafnframt leggur skipulagið fram. Farið var yfir greinargerð og meðfylgjandi uppdrátt. Ekki þykir ástæða til að gera athugasemd innihald eða efnistöð greinargerðarinnar. Þó má benda á að aðkoma að Geldingafellsskála er frá virkjanavegi sem liggur að Sauðárvatni. Á haus uppdráttar er Geldingafell rangt stafsett. Fundarmönnum er ekki kunnugt um að þar hafi farið fram geldingar.

Byggingar- og skipulagsnefnd gerir að öðru leyti ekki athugasemdir framlagða greinargerð og uppdrátt og mælir með fyrir sitt leyti að málinu sé vísað í hefðbundið kynningar- og afgreiðsluferli (sbr. lög nr. 123/2010 gr. 41).

2. Gjaldskrá fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Fljótsdalshreppi.

Vísað er til fyrri umfjöllunar um málið á síðasta fundi nefndarinnar. Nú liggur fyrir endanlegt uppkast að gjaldskrá sem lögmaður sveitarfélagsins hefur yfirfarið. Byggingar- og skipulagsnefnd leggur til fyrir sitt leyti að málinu verði vísað til sveitarstjórnar til frekari umfjöllunar og eftir atvikum til endanlegrar samþykktar.

3. Eftirlitsferð byggingarfulltrúa.

Áður en fundur hófst fór byggingarfulltrúi á þá staði þar sem framkvæmdir hafa verið samþykktar í byggingar- og skipulagsnefnd. Enda þótt samþykkt liggi fyrir er ekki í öllum tilvikum hafist handa um framkvæmdir. Á Þorgerðarstöðum er Jón Egill búinn að koma fyrir 15 m² óeinangruðu garðhýsi á lóðarskika sínum sbr. fundargerð frá 13. apríl 2015. Á Hóli hefur ekkert verið gert. Gripahús var samþykkt á fundi 14. sept. 2015. Þórhallur segir óvissu um framhaldið og jafnvel verið jörðin seld. Að öðru leyti er vísað á meðfylgjandi minnisblað.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Helga H. Vigfúsdóttir

Minnisblað byggingarfulltrúa með myndum frá 21. júlí 2016. Eftirlitsferð á staði þar sem framkvæmdir standa yfir eða þeirra er von.

Melar: Ár er síðan teikningar af bogaskemmu voru samþykktar. Eyjólfur reiknar með að hefja framkvæmdir í haust. Skriðuklaustur: Starfsmaður frá Framkvæmdasýslu ríkisins vildi ræða sigskemmdir á svalaveggjum og hvað helst væri til ráða, að öðru leyti er vandamálið ekki verksviði byggingarfulltrúans. Klúka: Myndir tala sínu máli. Langhús: Jónas er búinn koma fyrir súlum og burðarbitum undir sumarhúsið.



Melar. Fjánhússtaðið enn óhreyft.



Klúka. Þakkantur ófrágenginn.



Skriðuklaustur. Skemmdir vegna sigs



Langhús. Burðarvirki undir sumarhús.



Klúka. Nýja þakið.

